

GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN

Skólanámskrá
2017 - 2018



4.bekkur

Umsjónarkennari: Gyða Sigurðardóttir

Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Skólastjóri: Guðrún Jóhannsdóttir guðrun@olfus.is

Aðstoðarskólastjóri: Ólína Þorleifsdóttir olina@olfus.is

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Samstarf heimilis og skóla	3
Skimanir 2017 -2018.....	3
Námsmat	3
Viðmiðunarstundaskrá	4
Íslenska	5
Stærðfræði	1
Náttúrufræði/Samfélagsfræði.....	3
Enska.....	5
Íþróttir	7
Sund.....	9
Hönnun og smíði.....	11
Textílmennnt	13
Heimilisfræði	15
Upplýsinga- og tæknimennnt	17
Myndmennnt.....	19
Tónleikur.....	21
Dans.....	23

Inngangur

Grunnskólinn í Þorlákshöfn leggur megináherslu á að þjálfra skólafærni nemenda. Með skólafærni er átt við umgengni, samskipti og vinnubrögð. Nemandinn þarf m.a. að læra að fara eftir reglum skólans og fyrirmælum starfsfólks, sýna skólafélögum sínum tillitsemi í leik og starfi, læra að umgangast eigur sínar, skólans og félaga sinna. Hann þarf að læra að vinna skipulega, ljúka verkefnum sínum, virða vinnu sína og annarra, vinna í hópstarfi og taka réttmæta ábyrgð á námi sínu. Lögð er áhersla á að samfella sé á milli skólastiga bæði í námi og félagsstarfi.

Stefna skólans

- Að stuðla að vellíðan allra í skólanum
- Að efla félags- og siðgæðisvitund nemenda
- Að nemendur temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Að nemendur beri virðingu fyrir umhverfi sínu svo og taki ábyrgð á eigin gjörðum
- Að kennsluaðferðir, námsefni og námsumhverfi miðist við þroska og getu nemenda
- Að efla samskipti nemenda og starfsfólks innbyrðis svo og samskipti skóla og heimila

Einkunnarorð Grunnskólans í Þorlákshöfn eru: Vinátta—virðing—velgengni.

Samstarf heimilis og skóla

Skóli og heimili eiga að hafa virk tengsl sín á milli og bera sameiginlega ábyrgð á námi nemenda. Samstarf heimila og skóla einkennist af því að skólinn miðlar upplýsingum til foreldra um starfið í skólanum en það gerir hann m.a. með tölvupósti, fundum og fréttabréfum. Auk þess einkennist samstarfið af samræðum við foreldra um allt sem við kemur nemandanum og skólastarfinu. Foreldrar taka einnig ákvarðanir með skólanum og vinna að öllum markmiðum nemenda með kennurum, í því felst t.d. heimanám, reglur um samskipti og hegðun, viðurlög við brot á reglum o.fl.

Helstu samskipti fara fram í gegnum Mentor og eiga foreldrar og kennarar almennt vikuleg samskipti þar inni.

Skimanir 2017 -2018

Eftirtaldar skimanir eru hóp- og færniþróf og eru lögð fyrir 4. bekk sem hér segir:

Lesferill, lesfimi (öll próf)	september, janúar og maí
Stafsetning (Aston Index)	október

Samræmd könnunarpróf frá Námsmatsstofnun eru lögð fyrir 4. bekk í september.

Námsmat

Í öllum námsgreinum meta kennarar framvindu námsins og hæfni nemenda jafnóðum yfir skólaárið og gefa þeim nemendum sem hafa ekki náð ákveðinni hæfni tækifæri til að bæta sig. Þegar kennarar leggja inn áveðin verkefni eða kannanir liggja til grundvallar ákveðin hæfniviðmið. Þau eru síðan metin jafnóðum og verkefnum lýkur.

Nemendur og foreldrar hafa alltaf aðgang að matinu og mikilvægt er að fylgjast vel með námsmati inni í Mentor. Námsmatið er lifandi og er að breytast reglulega yfir skólaárið og á að vera leiðbeinandi þannig að nemendur og foreldrar viti hvað þarf að leggja áherslu á á hverjum tíma til að ná ákveðnum hæfniviðmiðum.

Lokamat er tekið saman við lok skólaárs. Nemendur í 4. bekk fá samanlagða hæfnieinkunn í hverri námsgrein í táknum og orðum: Framúrskarandi, hæfni náð, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

Viðmiðunarstundaskrá

Ætlast er til þess að nemendur fái ákveðið margar kennslustundir á viku í hverju fagi. Hér að neðan er áætlaður tímafjöldi í hverju fagi fyrir sig í 4. bekk:

Íslenska	7
Stærðfræði	6
Enska	1
Lífsleikni	1
Náttúrufræði	2
Samfélagsfræði/Trúarbrögð	3
Íþróttir/Sund	3
Textílmennt/Smíði	2
Heimilisfræði/Myndmennt	2
Tónleikur	1
Upplýsingatækni	1
Dans	1
	30

Íslenska

Gyða Sigurðardóttir

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Góð lestarfærni er því undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.

Hlutverk íslenskukennslu spannar vítt svið og fjölbreytt og hefur m.a. það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í rituðu og töluðu máli. Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Einnig er það mikilvægt að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana. Hið sama gildir um þann sem er heyrnarskertur eða heyrnarlaus.

Íslenska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> - Ritrún 3. - Lesrún. - Skrift 3. - Skrift 4. - lestrarbækur af skólabókasafni. - Orðabækur. - Ljóðabækur. - Ýmislegt ítarefni, t.d. Lesum saman. 	<ul style="list-style-type: none"> - Beiti skýrum og áheyrilegum framburði og nýti sér um leið helstu greinarmerki við upplestur. - Hlusti á upplestur af ýmsum toga. - Lesi, leiki eða syngi texta af ýmsum gerðum. - Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði. - Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu. - Geti komið fram og tjáð eigin skoðanir fyrir framan hóp. - Hlusti á og fari eftir munnlegum fyrirmælum. - Nýti sér og endursegi efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn. - Útlistunarkennsla. - Þjálfunaræfingar. - Umræðu- og spurnaraðferðir. - Þrautalausnir. - Hópavinna. - Skapandi vinna.
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> - Lesum meira saman. - Skinna. - Skólavefurinn. 	<ul style="list-style-type: none"> - Öðlist jákvætt viðhorf til lestrar. - Lesi í hljóði sér til gagns og gamans. - Auki orðaforða sinn, lestrarhraða, lesskilning og málskilning. - Læri vísur, ljóð og þulur og kynnist fjölbreyttum frásögnum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum, blaðagreinum og fleira. - Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar eftir áhuga og getu. - Þekki hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsiðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá. - Lesi og fari eftir fyrirmælum. - Beiti hugtökunum söguþráður, sögupersónur, umhverfi og boðskapur. - Endursegi sögu í aðalatriðum. - Spái fyrir um framhald sögu (forspá). - Þekki einföld hugtök í bragfræði eins og rím, kvæði, vísu og ljóðlínu. - Þekki greinarmerkin punkt, kommu, spurningamerki og gæsalappir. - Lesi úr einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum. 	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> - Haldi rétt á skriffæri, dragi rétt til stafs og skrifi skýrt og læsilega. - Semji og skrifi texta frá eigin brjósti s.s. sögur, ljóð, skilaboð, sendibréf o.fl. - Beiti grundvallarreglum í stafsetningu og noti hjálpargögn við hæfi. - Þekki stóran og lítinn staf, punkt, minn/mín reglu og ng/nk reglu. - Nýti sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta. - Búi til sögu/myndasögu með einfaldri atburðarás. - Skrifi texta í tölvu og beiti einföldustu aðgerðum í ritvinnslu. - Deili skrifum sínum með öðrum með upplestri eða lestri lesenda. 	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> - Leiki sér með orð og merkingu s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki. - Vinni með hugtökin hljóð, bókstafur, setning og málsgrein. - Þekki sérhljóða og samhljóða og geti unnið með þá. - Þekki hugtökin samheiti og andheiti, eintala og fleirtala, samsett orð, sérnöfn og samnöfn og vinni með þau. - Raði í stafrófsröð og þekki notagildi þess við leit og skipulag. - Þekki orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð og geri sér grein fyrir mismunandi hlutverki þeirra. - Vinni með kyn, tölu, fall nafnorða. - Þekki stigbreytingu lýsingarorða. - Þekki nútíð og þátíð sagnorða. - Vinni með algeng orðtök og málshætti. 	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Stærðfræði

Gyða Sigurðardóttir

Stærðfræðinám hjá hverjum einstaklingi er samfelld ferli. Þekking og skilningur á hugtökum, táknum og lögmálum þróast á löngum tíma og fyrir margvíslega reynslu. Kennsla á yngsta stigi byggist á reynslu og þekkingu barnanna þegar þau hefja skólagöngu. Með tímanum þróast vinna þeirra og leikur þannig að þeim verður samt að styðjast við stærðfræðileg hugtök. Stuðla ber að slíkri þróun með því að þjálfar börnin í ýmiss konar talnavinnu, flokkun, röðun og lýsingu á eiginleikum hluta og umræðum um þá. Mikilvægt er að tengja verkefnið einhverju sem börnin þekkja því oft geta þau unnið með flókin hugtök og háar tölur ef þau þekkja vel til.

Yfirleitt er viðhorf nemenda til stærðfræði frekar jákvætt við upphaf skólagöngu. Hlutverk skólans er að halda því við og styrkja það. Nemendur ættu að kynnast gildi stærðfræðinnar í daglegu lífi en einnig er mikilvægt að leggja áherslu á skemmtigildi greinarinnar. Fjölbreyttir kennsluhættir og mismunandi nálgun við lausnir viðfangsefna er líkleg til að viðhalda áhuga. Hafa ber í huga að lítil börn sjá hlutina öðrum augum en fullorðnir og því þurfa börn að fá tækifæri til að leita eigin leiða til lausna.

Hugtök			
Tölur og Algebra	Tölfræði og líkindi	Rúmfræði og mælingar	Tími
Margfeldi	Gögn	Metrakerfið	Klukkutími
Deiling	Súlurit	Tvívíð form	Kortur
Margföldun	Myndrit	Þrívíð form	Stundarfjórðungur
Almenn brot	Línurit	Fermeter	Hálftími
Teljari	Tíðasta gildi	Flatarmál	Mínúta
Nefnari	Tíðnitafla	Ummál	Sekúnda
Aukastafur		Rúmmál	
Ganga upp í		Horn (algengustu)	
Grunnmengi		Hornrétt	
Jákvæð tala		Hliðrun	
Neikvæð tala		Speglun	
Náttúrulegar tölur		Hnitakerfi	
Námunda		Stækkun Minnkun	
Tíundi hluti			

Stærðfræði

Stærðfræði			
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Tölur og Algebra	<ul style="list-style-type: none"> - Sproti. - Eining. - Línan. - Við stefnum á margföldun. - Við stefnum á deilingu. - Viltu reyna. - Vasareiknir 1-5. - Í undirdjúpunum. - Stjörnuþækurnar. - www. nams.is. - Skólavefurinn. - Kubbar. - Kennsluþættir. - Teningar. - Pinnabretti. - Speglar. - Talnagrindur. - Skeiðklukkur. - Stærðfræðispil. - Þrautir. - Montisori. 	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki sætiskerfi (tíundu hlutar, eining, tugur, hundrað og þúsund). - Þekki neikvæðar og jákvæðar tölur, geti raðað þeim og staðsett á talnalínu. - Þekki almenn brot og hugtök tengd þeim. - Skilji tengsl milli margföldunar og samlagningar annars vegar og deilingar og frádráttar hins vegar. - Skilji innri tengsl margföldunar og deilingar. - Kunni að deila. - Kunni og geti nýtt sér margföldunartöfluna upp í 10. - Geti lagt saman og dregið frá tugabrot með einum aukastaf. - Nýti sér reiknivél. - Staðsetji hluti og tölur í hnitakerfi/rúðuneti. - Þekki tíunduhluta, geti raðað slíkum brotum í stærðarröð og staðsett á talnalínu. - Leysi samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa tölum á talnalínu, í huganum og skriflega með hefðbundnum reiknisáðferðum. - Námundi tölur að næsta tug, hundraði eða þúsundi. - Noti reikniáðferðirnar fjórar við hversdagslegar aðstæður t.d. við kaup og sölu. - Noti dreifireglu og skipti margföldunardæmum í einfaldari hluta. - Kanni, lýsi og haldi áfram með einfalt talnamynstur eða talnarunu. - Beri saman tölur og stæður með því að nota tákni minna en, stærra en og jafnt og. - Lesi, skrifi og beri saman tölur upp í 10.000 og tákni slíkar tölur með peningum. - Skilji almenn brot sem hluta af heild, þekki hugtökin teljari og nefnari og geti borið saman einföld brot. - Leysi einfaldar jöfnur. - Leysi úr talnamynstrum. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlagnir (smáfyrirlestur). - Lesið, spurt og spjallað. - Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna í litlum hópum. - Námsleikir. - Kubbar. - Spil. - Upplýsingaöflun. - Vettvangsferðir. - Hringekjuformið notað í stöðvavinnu.
Tölfræði og líkindi		<ul style="list-style-type: none"> - Safni saman og flokki gögn. - Setji upplýsingar upp í töflu. - Setji upp súlurit. - Setji upp línurit. - Lesi úr einföldum súlu- og línuritum og töflum. - Beri saman líkindi (miklar/litlar líkur). 	
Rúmfræði og mælingar		<ul style="list-style-type: none"> - Lýsi hornum sem myndast við skurðpunkt tveggja beinna lína og þekki reglur þeirra. - Þekki rétt horn. - Kunni að spegla. - Geti fundið spegilása í myndum og hlutum. - Þekki samhverfu og geti gert samhverfar myndir. - Kunni að hliðra og þekki og skilji hugtakið hliðrun. - Þekki og geti mælt flatarmál. - Þekki og geti mælt rúmmál. - Geti mælt lengd og þyngd með viðeigandi mælieiningu. - Geti lesið af og skilið hefðbundna og stafræna klukku. 	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Náttúrufræði/Samfélagsfræði

Ásta Kristín Ástráðsdóttir

Á yngsta aldurstigi skólans er unnið með samfélags – og náttúrufræðigreinar á marga vegu. Samfélagsgreinar skiptast í sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Innan samfélagsfræðinnar er fjallað um samfélag og menningu þar sem nemendur eru meðal annars fræddir um jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu sem á að stuðla að því að þroska hæfni þeirra til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra og skilja veruleikann. Með kennslu í samfélagsfræði er nemandinn virkjaður til þátttöku í samfélaginu með gildi og reglur þess að leiðarljósi.

Undir náttúrugreinar flokkast náttúrufræði, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfismennt. Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Með kennslu í náttúrugreinum er stuðlað að því að nemendur öðlist færni í þeim og geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans ræðst af samspili manns og náttúru. Haft er að leiðarljósi að nemendur láti sig varða nánasta umhverfi sitt og lífsskilyrði lífveranna sem þar búa.

Hugtök

Að búa á jörðinni	Lífsskilyrði manna	Náttúra Íslands	Heilbrigði umhverfisins	Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu
Árstíðir Hitabreytingar Sjálfbærni Auðlindir Veður Setlög Veðrun Rof	Vatn, H ₂ O Celcius Forstmark Líffærakerfi Líkamshiti Smit Varnir Eitrun Skynjun	Búsvæði Atferli Frumframleiðendur Neytendur Orkugjafar (Ísland)	Vistkerfi Fæðukeðja Kraftur Hreyfing Viðnám Orka Hamur efna Hringrásir í náttúrunni	Umhverfisvernd Auðlindir Hitun Kæling Næringarfræði Vísindamenn Rafmagna Þyngdarkraftur Hljóð Ljós Bylgjur

Náttúrufræði/Samfélagsfræði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Að búa á jörðinni	- Komdu og skoðaðu himingeiminn.	- Noti gervihnattar- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð.	<ul style="list-style-type: none"> - Lestur. - Umræður. - Paravinna, hópavinna og einstaklingsvinna.
Lífsskilyrði manna	- Trúarbrögðin okkar. - Spor 4. - Birtan.	- Bendi á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi. - Lýsi skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi. - Lýsi skynjun sinni á áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengi hitastig við daglegt líf.	
Náttúra Íslands	- Kristinfræði.	- Útskýri einkenni lifandi vera, skýri með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi. - Lýsi algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu. - Útskýri fæðukeðjur og reki fæðu til frumframleiðenda. - Greini á milli algengustu orkugjafa á Íslandi.	
Heilbrigði umhverfisins		- Fjalli um samspil manns og náttúru. - Flokki úrgang. - Geri grein fyrir þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.	
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu		- Lýsi eiginleikum hljóðs, ljóss og ýmissa fyrirbæra með tilliti til hljóðs og lita.	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Enska

Gyða Sigurðardóttir

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaproska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum mönnum og öðrum lífnaðarháttum en þeirra eigin og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Samvinna milli landa og heimsálfa eykst stöðugt á öllum sviðum og er mikilvægt að nemendur séu undir slíkt búnir í sínu námi. Kunnátta í erlendum tungumálum er mikilvægur lykill að fræðslu, námi og atvinnutækifærum. Fyrir fámenna þjóð eins og Íslendinga, sem eiga mál sem hvergi er þjóðtunga nema á Íslandi, skiptir kunnátta í erlendum tungumálum mjög miklu máli. Íslendingum er því nauðsynlegt að geta sótt nýja þekkingu til annarra þjóða samhliða því að koma eigin þekkingu á framfæri.

Við skipulagningu erlendra tungumála skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrár. Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt. Mikla áherslu þarf því að leggja á málnotkun. Nemendur þurfa að ná tökum á færni og kunnáttu sem gerir þeim kleift að skilja málið eins og það er notað við raunverulegar aðstæður. Þeir þurfa sjálfir að geta talað málið og skrifað og kunna skil á reglum þess. Jafnframt þurfa þeir að öðlast innsýn í menningu sem bundin er tungumálinu sem um ræðir. Mikilvægt er að nemendur verði meðvitaðir um hvernig þeir geta sjálfir styrkt og bætt kunnáttu sína.

Forsendur nemenda við upphaf málanáms eru ólíkar. Námsfni og kennsluhættir verða að vera sveigjanlegir til að hver og einn geti lært út frá sínum forsendum. Mikilvægt er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málanámsins, að máltilfinning þeirra sé örvuð og að þeir geti notað kunnáttu sína sér til gagns og ánægju. Með því er lagður traustur grunnur að farsælu málanámi.

Enska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4.bekk Nemandi:	Leiðir
Hlustun	- Work out - Efni frá kennara	- Geti hlustað og skilið einfalt efni bæði í samskiptum við kennara og samnemendur og unnið með kunnugleg viðfangsefni. Þannig er unnið markvisst í þjálfun orðaforða.	- Vinnubók, - Hlustun, - Leikir, - Söngur.
Lestur		- Skilji mjög einfaldan texta. - Geti fylgt ýmsum textum svo sem þulum, ljóðum og rími. - Þjálfist með að vinna með orð.	
Talað mál		- Geti tekið þátt í samskiptum í tímum, svo sem að kynna sig, heilsa, kveðja og þakka fyrir sig. - Geti haft eftir söngva, rím o.fl. sem unnið hefur verið með.	
Ritun		- Geti skrifað skiljanleg orð eftir fyrirmynd. - Æfi réttritun algengra orða á ensku sem koma fyrir í námsefninu.	
Matsþættir	Kaflapróf, verkefnavinna, mat á vinnu og vinnubókum sem gildir til starfseinkunnar. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Íþróttir

Karl Ágúst Hannibalsson

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og hafa til að bera eðlislæga forvitni sem knýr þau áfram í könnun á umhverfi sínu. Skynhreyfileikur, hlutverkaleikir, hlaupaleikir og markvissar æfingar sem efla skynfæri líkamans og bæta gróf- og fínhreyfingar eiga að skipa stóran sess í skólaíþróttum fyrstu skólaárin. Helstu viðfangsefni í skólaíþróttum í 1.- 4. bekk eru hlaup, hopp, kast, og grip, spyrnur og jafnvægi í kyrrstöðu og á hreyfingu. Kollhnísar og veltur, gripstyrkur, búkstyrkur og stöðugleiki, samhæfing augna og handa/fóta með og án bolta og þol í hlaupi. Í skólasundi skal fyrstu tvö árin leggja megináherslu á aðlögun barnsins að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök, t.d í skrið- og baksundi. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Í 3.-4. bekk er síðan aukin áhersla á grunnhreyfingar sundtaka í skriðsundi, bringusundi, skólabaksundi og baksundi.

Íþróttir

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<ul style="list-style-type: none"> - Taki þátt í umræðu um gildi hreyfingar fyrir sál og líkama. - Geti rætt um jákvæða sjálfsmynd og fjölbreytta möguleika til að hreyfa sig. - Geti stundað æfingar og tekið þátt í leikjum sem bæta líkamshreysti og þrek. - Taki þátt í hreyfinámi og íþróttaiðkun utanhúss. - Taki þátt í æfingum þar sem líkama er beitt rétt við fjölbreytta útfærslu hreyfinga. 	<ul style="list-style-type: none"> - Stöðvahringir. - Hringþjálfun. - Einfaldir leikir. - Umræður. - Útikennsla.
Hreyfing og afkastageta		<ul style="list-style-type: none"> - Læri heiti helstu líkamsæfinga og heiti yfir helstu hreyfingar. - Tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skoríð úr ágreiningi ef upp kemur. - Taki þátt í einföldum æfingum og leikjum sem ná til samspils skynfæra og útfærslu hreyfinga. - Fái þjálfun í notkun ólíkra áhaldna. - Taki þátt í fjölbreyttum leikjum og æfingum sem veitt hafa útrás fyrir hreyfiþörf. - Taki þátt í stöðluðum prófum. - Geti gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum. - Taki þátt í leikjum sem efla leikni og útsjónarsemi. - Þjálfist í leikjum utanhúss. 	
Félagslegir þættir og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> - Kynnist viðbrögðum við mismunandi áreynslu. - Fái tækifæri til að ræða um stríðni og einelti og brugðist við umræðu á æskilegan hátt. - Geri sér grein fyrir eigin líkamsvitund. - Upplifi skólaíþróttir á jákvæðan og skemmtilegan hátt. - Leysi verkefni af hendi þar sem tekið hefur verið tilliti til annarra. - Taki þátt í æfingum og efla sjálfstraust og viljastyrk. - Segi frá leikjum eða æfingum þar sem hann upplifði gleði og ánægju af þátttöku. - Vinni með tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum. 	
Öryggi og skipulag		<ul style="list-style-type: none"> - Tileinki sér þær reglur og fyrirmæli sem í gildi eru í skólaíþróttum. - Umgangist áhöld og tæki á öruggan hátt. - Fari eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttamannvirkjum. - Fái fræðslu um viðbrögð við minni háttar meiðslum. - Tileinki sér rétta líkamsbeitingu. - Tileinki sér skipulagsform hvað varðar öryggisatriði t.d neyðarútganga. 	
Matsþættir		<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Höfuðstaða upp við vegg. - Afturábak kollhnís niður halla. - Rekja handbolta milli keila, senda í vegg og grípa. - Hanga í rimlum og lyfta hnjám. - Liðleikapróf. - Langstökk án atrennu. - 1000 metra hlaup. - 60m spretthlaup. - Sippa 20x viðstöðulaust. 	

Sund

Karl Ágúst Hannibalsson

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

Í skólasundi skal fyrstu tvö árin leggja megináherslu á aðlögun barnsins að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök, t.d í skrið- og baksundi. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Í 3.-4. bekk er síðan augin áhersla á grunhreyfingar sundtaka í skriðsundi, bringusundi, skólabaksundi og baksundi.

Sund

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<ul style="list-style-type: none"> - Þekki helstu hugtök sem notuð eru í kennslu í sundi. - Skilji markmið æfinga og leikja sundkennslunnar. - Taki þátt í fjölbreyttum undirbúningsæfingum sem leggja grunn að sunndaðferðum. - Taki þátt leikjum sem þjálfa færni í sunndaðferðum. - Þjálfi þol fyrir sunndaðferðir. - Þjálfi þol fyrir björgunarsund. 	<ul style="list-style-type: none"> - Stöðvahringir. - Aðlögunarleikir. - Umræður. - Sýnikennsla.
Hreyfing og afkastageta		<ul style="list-style-type: none"> - Noti þekkta leiki og yfirfæri þá á sundstað (ratleiki og samvinnuleiki). - Taki þátt í æfingum með og án áhalds sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar. - Taki þátt í umræðu um markmið æfinga og leikja sundkennslunnar. - Nái valdi á samspili grunnhreyfinga í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi og baksundi. - Spyrni frá bakka og syndi í kafi 3 metra eftir hlut á 1- 1,5 metra dýpi. - Stingi sér úr kropstöðu af bakka. - Nái tókum á undirbúningsæfingum og leikjum í vatni sem ná til skyn- og hreyfiproska. - Nái valdi á einföldum samsettum hreyfingum í vatni. - Taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla aðlögun að vatni og sundfærni. 	
Félagslegir þættir og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> - Yfirfæri leiki úr íþróttasal í sundlaug. - Taki þátt í verkefnum þar sem tveir eða fleiri nemendur vinna saman eða til skiptis. - Taki þátt í leikjum og æfingum í vatni sem auka vellíðan og styrkja samskipti. - Vinni að sjálfstæðum verkefnum eins og æfingum í stöðvaþjálfun. 	
Öryggi og skipulag		<ul style="list-style-type: none"> - Fari eftir reglum sundstaða. - Geti brugðist við ef óhapp ber að höndum. - Taki þátt í umræðum um björgunarpætti. - Geti tekið fram og gengið frá sundáhöldum á réttan og öruggan hátt. 	
Matsþættir		<p style="text-align: center;">Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Skólabaksund 15m - Bringusund 25m - Skriðsund 25m - Baksund 15m - Stunga úr kropstöðu - Flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja - Kafa eftir hlut 1m endurtekið 2x 	

Hönnun og smíði

Torfi Hjörvar Björnsson

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf. Í verkgreinum fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunarafli sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verklegri færni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju.

Markmið verkgreina hefur bæði verið að undirbúa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska nemenda. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur bæði skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu.

Kennsla verkgreina eru liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og eru einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann á markvissan hátt þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Hönnun og smíði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Handverk	<ul style="list-style-type: none"> - Ýmsar handbækur og blöð. - Vefsíður. 	<ul style="list-style-type: none"> - Velji verkfæri sem hæfa viðfangsefni og noti á öruggan hátt. - Geri grein fyrir helstu smíðaeffnum sem unnið er með, þekki krossvið, mdf, furu/greni, plast, vír, steypu, gifs, gler og gert sér nokkra grein fyrir eiginleikum þeirra. - Þekki útlitseinkenni nokkurra mismunandi trjátegunda. - Greini frá hvað er vel gert og hvað ekki. 	<ul style="list-style-type: none"> - Sýnikennsla í hóp. - Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu. - Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín.
Hönnun og tækni		<ul style="list-style-type: none"> - Teikni tvívíða skissu af verkefninu sínu. - Vinni verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. - Framkvæmi einfaldar samsetningar s.s. negla og líma. - Þekki hvernig hægt er að nota vogarafl, gorma og teygjur í verkefni. 	
Umhverfi		<ul style="list-style-type: none"> - Noti efni úr nærumhverfi og gera sér grein fyrir kostum þess fyrir umhverfið. - Beiti líkamanum rétt við vinnu sína og noti viðeigandi hlífðarbúnað. - Gangi frá verkfærum og áhöldum á réttan hátt. - Sýni góða nýtingu efna. 	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Textílmennt

Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Textílmennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Textíl	<ul style="list-style-type: none"> - Á prjónunum. - Hannyrðir í 3.-6.bekk. - Ýmsar handbækur og blöð. 	<ul style="list-style-type: none"> - Vinni með mismunandi útsaumsspor. - Læri að fitja upp í prjóni, prjóna garðapryjón og fella af. - Læri að sauma saman prjónastykki og ganga frá endum. - Kynnist sníðavinnu. - Fari yfir helstu hluta saumavélar. - Þjálfist í að sauma einfalda hluti á saumavél. 	<ul style="list-style-type: none"> - Sýnikennsla í hóp. - Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu. - Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín.
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Heimilisfræði

Daðey Ingibjörg Hannesdóttir & Emma Katrín Garðarsdóttir

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Námsgreininni er m.a. ætlað að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, góðu heilsufari, neytendavitund og verndun umhverfis. Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og leikni í heimilistörfum þar sem þættir eins og næringarfræði, matreiðsla og hreinlæti tengjast. Opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) um mataræði og næringu eru hafðar til hliðsjónar við kennslu í heimilisfræði.

Heimilisfræði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Matur og lífshættir	- Holt og gott 3. - Ítarefni.	- Tjái sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. - Velji hollan mat og útskýri áhrif hans á líkama og líðan. - Fari eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.	- Einfaldar verklegar æfingar. - Sýnikennsla. - Lestur. - Spurt og spjallað. - Einstaklingsvinna. - Hópavinna. - Paravinna. - Bókleg kennsla.
Matur og vinnubrögð		- Fari eftir einföldum uppskriftum og noti til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld. - Segi frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.	
Matur og umhverfi		- Setji viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.	
Matur og menning		- Tjái sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga og þjóðlegan mat.	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Upplýsinga- og tæknimennt

Sigríður Guðnadóttir

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Þannig getur nemandi öðlast hæfni í að tileinka sér, umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi. Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýnninn og skipandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Upplýsingatæknin er ekki kennd sem sérstakt fag við skólann heldur samþættum við það flestum námsgreinum okkar.

Upplýsinga- og tæknimennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Vinnulag og vinnubrögð	- Vefsíður og annað gagnvirkt efni á borð við www.nams.is www.abcya.com	- Nýti sér tölvuver og tækjabúnað skólans sér til gagns og ánægju s.s. til lesturs, hlustunar, áhorfs og leitarnáms. - Sýni frumkvæði og taki þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn. - Gerir sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tækni- og hugbúnaði. - Beiti undirstöðuatriðum í fingrasetningu.	- Innlagnir. - Smáfyrirlestrar. - Leitaraðferð. - Lestur. - Spurt og spjallað. - Spegluð kennsla.
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	- Verkefni frá kennara. - Ritvinnsluforrit. - Teikniforrit. - Kennsluforrit.	- Leiti upplýsinga og nýti við verkefnavinnu. - Nýti rafrænt og gagnvirkt námsefni. - Vinni með heimildir. - Nýti upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.	- Einstaklingsvinna. - Paravinna. - Hópavinna. - Námsleikir. - Umræður. - Vettvangsferðir.
Tækni og búnaður		- Noti hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni. - Noti einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu. - Noti hugbúnað/forrit við umbrotsverkefni. - Noti einfaldan hugbúnað/forrit við einfalda forritun.	
Sköpun og miðlun		- Öðlist grunnskilning á upplýsinga- og miðlalæsi. - Noti hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.	
Siðferði og öryggismál		- Sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga. - Fari eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og sé meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Myndmennt

Rebekka Ómarsdóttir

Listir eru einn af hornsteinum mannlegs samfélags og hafa fylgt mannum frá örófi alda. Grunnskólinn er samfélag þar sem listir leika sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni.

Í myndmennt á yngsta stigi er kjörið að tengja viðfangsefnið við nánasta umhverfi og hugarheim nemandans. Áhersla skal lögð á fjölbreytt vinnubrögð og að nemendur handleiki sem flestar tegundir efna og áhalda. Á yngsta stigi læra nemendur grunnhugtök og lögmál myndlistar.

Myndmennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Myndmennt	<ul style="list-style-type: none"> - Sýnishorn. - Myndlista bækur. - Netíð. - Vinnu- lýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> - Þjálfist í að vinna hugmynda- og skissubók. - Vinni myndverk með litatónum sem hafa mismunandi áhrif, t.d. heitir og kaldir litir. - Þekki hugtakið rými með áherslu á umhverfið og vinni með það í myndsköpun sinni. - Geri sér grein fyrir verðmætum og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni. - Þekki einfalda myndbyggingu og mun á forgrunni, bakgrunni og miðrými. - Læri um frágang verkefna og tileinki sér að ganga vel frá efnum og áhöldum. 	<ul style="list-style-type: none"> - Verklegar æfingar. - Umræðu- og spurnaraðferðir. - Útlistunarkennsla. - Jafningjakennsla. - Hópvinnubrögð. - Sýnikennsla. - Sköpun. - Leikir.
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Tónleikur

Magnþóra Kristjánsdóttir

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi skólastofunnar. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum sem hann mögulega fær ekki útrás fyrir á öðrum vettvangi.

Tónleikur

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Líkami Rödd Látbragð Traust Einbeiting Rýmisvitund Samvinna Slökun Spuni Persónusköpun	- Efni frá kennara.	<ul style="list-style-type: none"> - Geti beitt sköpunargleði sinni í gegnum leik. - Geti nýtt frásagnarhæfileika sína frammi fyrir hópi fólks. - Geti sýnt stutta leikþætti frammi fyrir áhorfendum. - Geti tileinkað sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu. - Geti unnið saman í hóp. 	- Ýmsar aðferðir.
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Dans

Anna Berglind Júlídóttir

Börnin mæta í sal Tónlistarskólans þar sem danskennslan fer fram. Þar fá þau sér sæti meðan skráð er mæting nemandi. Að því loknu fara þau í stráka- og stelpuraðir og þau þöruð saman. Oftast hefst dansinn á paradönsum þar sem þau eru í danshaldi. Aðal áhersla er á að börnin læri samkvæmisdans og gömludansana en frjálsir dansar (þar sem ekki er verið í danshaldi) eru einnig kenndir. Cha cha cha og djæf eru mikið dansaðir og bætast alltaf við ný spor í þá dansa. Í 4. bekk fara þau að æfa snúninga í tjúttinu í viðbót við frumsporið sem þau læra í 3. bekk. Við bætum við snúningum í gömludansana en þar dansa þau ræl með snúning í hring. Vínarkrus með snúning. Þau læra skottís en í 3. bekk hafa þau verið að dansa stiginn skottís. Við höldum áfram að æfa skiptidansana partí polka og hlöðudansinn en í þeim dönsnum skipta þau reglulega um dansfélaga á meðan dansinum stendur. Einnig læra þau nýja frjálsa dansa sem reynt er að hafa fjölbreytta eins og t.d súmba, línudansa, og létt spor við vinsæla dægurlagatónlist eða barnalög. Fyrir jól læra þau léttu jóladansa sem dansaðir eru við skemmtileg jólalög. Ef börnin hafa verið dugleg leikum við okkur stundum undir lok tímans. Oftast eru það hreyfileikir með eða án tónlistar þar sem þau skemmta sér og æfa í leiðinni jafnvægi eða samhæfingu. Einn af þeim leikjum köllum við Útsvar. Þá er hópnum skipt upp í tvo hópa og fá allir í hópnum að leika fyrir sitt lið og eiga liðin að finna út hvað eða hvern er verið að leika. Þetta er ekki auðvelt fyrir alla og er gaman að sjá þegar þeir sem eru tregir til að leika í byrjun drífa sig svo út á gólf og leika fyrir sitt lið. Tímanum líkur svo á því að við gerum stelpu- og strákaraðir þar sem þau snúa á móti hvort öðru hneygja sig og þakka fyrir dansinn.

Dans

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Dans	- Efni frá kennara.	<ul style="list-style-type: none"> - Hreyfi sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama. - Taki þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara. - Tengir saman hreyfingu og tónlist í dansi. - Virði samskiptareglur. - Leggi fram eigin hugmyndir. 	- Sýnikennsla.
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

